

Fjarðabyggð
Hafnargötu 2
730 Reyðarfjörður

Reykjavík, 14.2.2023
UST202202-420/G.S.O.
08.14.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 28. desember 2022 þar sem fram kom að frávík hefði verið skráð í eftirliti á urðunarstað Fjarðabyggðar, Þernunesi, þann 22. nóvember 2022.

Frávikið er eftirfarandi:

1. Gr. 4.4 og 4.1 í starfsleyfi. Mæla skal sig á urðunarstaðnum og reikna daglega uppgufun, og senda Umhverfisstofnun niðurstöður með öðrum skráningum. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila munu sigmælingar fara fram þannig að mælipunktum verður komið fyrir á urðunarstaðnum sumarið 2023, mæling tekin 2024 og henni skilað 2025. Hvað varðar skráningar á daglegri uppgufun þá hefur þeim verið skilað.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila, en gerir kröfu um að mælipunktum verði komið fyrir í samráði við sérfræðing Umhverfisstofnunar fyrir 1. júní 2023 (eða þegar frost verður farið úr jörðu), upphafsstaða verði mæld fyrir 1. september 2023, fyrsta mæling gerð fyrir 1. september 2024 og henni skilað með öðrum gögnum fyrir 1. maí 2025. Úrbætur vegna frávíksins verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði fráviki ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Að auki auki var eitt frávík, sem kom fram í eftirliti árið 2021, opið þegar eftirlitið fór fram 28. desember 2022:

1. Gr. 4.4 í starfsleyfi, sbr. 21. og 22. gr. í rg. nr. 738/2003 um urðun úrgangs og 19. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 4.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Skráningar, sbr. tl. 2-5 og 9-13 í gr. 4.1 hafa ekki borist eftirlitsaðila. **Skráningunum hefur verið skilað og frávíkinu því lokað.**



UMHVERFIS

STOFNUN

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

Freyr Ævarsson
sérfræðingur

Gunnhildur Sif Oddsdóttir
lögfræðingur